



Kæri kjörmaður,

Friður Guðs sé með þér.

*„Það orð er satt. Sækist einhver eftir biskupsstarfi þá gírnist hann göfugt hlutverk.“
1 Tim 3.1*

**Eftir langa umhugsun og hvatningu, bæði leikra og lærðra, hef ég,
Örn Bárður Jónsson,
ákveðið að gefa kost á mér til kjörs í embætti biskups Íslands.**

Ég ákvað að segja þér og öðrum kjörmönnum frá þessu áður en yfirlýsingin fer til fjölmiðla. Þú gegnir mikilvægu hlutverki í kirkjunni og mér þykir það við hæfi að þú fáiir fregnina milliliðalaust.

Með bréfi þessu langar mig að gera grein fyrir sýn minni á kirkjuna og embætti biskups um leið og ég kynni sjálfan mig.

Kirkjan er trúarsamfélag og hlutverk hennar er að boða fagnaðarerindið um Jesú Krist og þjóna að sakramentunum. Hlutverk biskups er að vaka yfir þessu hlutverki kirkjunnar sem fremstur meðal jafningja - *primus inter pares*. Biskup á að þjóna, vera kennimaður kennimannanna og boða söfnuðum og þjóðinni allri kristna von og trú. Biskup þarf að vera nálægur almenningi, meðal fólksins á sama hátt og Kristur var. Biskup er andlegur leiðtogi sem þarf jafnframt að sinna veraldlegum verkefnum.

Ég á mér draum

„Ég á mér draum,“ sagði presturinn og mannréttindafrömuðurinn Martin Luther King Jr. Við eigum okkur öll draum. Frá því ég kom til starfa í kirkjunni sem leikmaður 1976 fann ég að innra með mér varð til draumur um lifandi kirkju. Í þessu bréfi vil ég segja þér frá þessum draumi.

Ég á mér draum um kirkju sem lætur sig varða börn

„Og Jesús tók þau sér í faðm, lagði hendur yfir þau og blessaði þau., Mk 10.16

Ég á mér draum um kirkju sem lætur sig varða börnin í landinu og mætir þörfum þeirra og foreldra með öflugum starfi. Framtíð kirkjunnar er í börnum landsins.

Nú er vegið að frelsi kirkjunnar til boðunar og til eru skólar sem leyfa ekki að Nýja testamentinu sé dreift til barnanna innan veggja skólans eins og Gideonfélagar hafa gert um árabíl. Ég skil að settar séu reglur um starf sem tengist trúarhreyfingum í skólum, en kristin kirkja og menning hefur hér algjöra sérstöðu. Í blaðagreinum mótmælti ég þessu. Niðurstaðan, sem nú liggur fyrir, er mun betri en hugmyndirnar í upphafi og því var það fyrirhafnarinnar virði að berjast fyrir málstað kirkjunnar.

Ég tel að kenna þurfi börnum rækilega um kristinn trúararf og sögu á öllum skólastigum. Heimsóknir barna í kirkju á aðventu – eða öðrum tímum – verða að vera heimilar hvað skírð börn varðar. Ef yfirvöld eða skólastjórnendur leggja stein í götu kirkjunnar í þessum efnum, þurfa sóknirnar að meta aðstæður á hverjum stað og ef þær eru kirkjunni mótdrægar þá hvet ég til þess að kirkjan íhugi hvort hefja skuli skólastarf á kristnum grunni.

Öflugt barnastarf fer fram í flestum sóknum landsins, en við þurfum að auka aðsókn í barnastarf kirkjunnar og gera það eftirsóknarverðara en nú er.

Ég á mér draum um kirkju sem lætur sig varða unglinga

„Gleð þig, ungi maður, í æsku þinni og láttu liggja vel á þér unglingsár þín og breyttu eins og hjartað leiðir þig og eins og augun girnast en vita skaltu að fyrir allt þetta leiðir Guð þig fyrir dóm.“ Préd 11.9

Í Neskirkju, þar sem ég hef þjónaði 12 ár, er öflugt unglingastarf. Við tókum þá ákvörðun á liðnu ári að draga hvergi af okkur í þeim efnum þrátt fyrir samdrátt í tekjum safnaðarins. Við gáfum starfsmanni barna- og æskulýðsstarfsins aukið vægi með því að fá hann vígðan sem prest. Þar með viljum við segja að þetta starf sé mikilvægt og þurfi að hafa forgang. Úr hópi barna- og unglinga koma framtíðar leikmenn kirkjunnar, sóknarnefndarfólk, djáknar, prestar og biskupar. Ungu fólk þarf því að fá að reyna sig í kærleikspjónustu, með þátttöku í hjálparstarfi, kristniþóði og öðrum mannúðarverkum, þótt ástæða sé til að þakka það sem vel er gert í þessum efnum.

Í framhaldsskólum þarf að mínu áliti að hefja fræðslu um guðfræði og trúarheimspeki. Við megum ekki láta barnatrúna daga uppi án þess að geta rökrætt hana. Kenna þarf ungu fólk um að hægt er að eiga trú í heimi vísinda og tækni. Maðurinn er fyrst og síðast andleg vera sem hugsar með rökum. Hugur og hjarta vinna saman í glímunni við Guð og heim.

Ég á mér draum um kirkju sem lætur sig varða unga foreldra

„Ég rita ykkur, foreldrar, af því að þið þekkið hann sem er frá upphafi.“ 1 Jóh 2.13

Unga fólk sem eignast börn tekur þátt í ævintýri lífsins. Það er vandaverk að vera foreldri. Kirkjan þarf að mæta þessum hópi með fjölbreyttum hætti. Í Neskirkju hafa verið haldnir svonefndir Foreldramorgnar um langt árabíl. Þá hafa verið haldin foreldranámskeið í söfnuðinum í samvinnu við félagsþjónustu borgarinnar í hverfinu. En betur má ef duga skal og við getum sinnt þessum hópi betur og lagt foreldrum lið við vandasamt uppeldi barna sinna – ekki síst trúaruppeldi.

Ég á mér draum um kirkju sem lætur sig varða hjón og sambúðarfólk

„Prennt er það sem ég hef yndi af og það er fagurt í augum Guðs og manna: samlyndi bræðra, vinfengi granna og hjón sem lifa saman í eindrægni.“ Síraksbók 25.1

Árið 1985 höfðum við hjónin frumkvæði af því að hefja nýtt kirkjulegt starf sem ber enska heitið *Lutheran Marriage Encounter* en kallast hér Lúthersk hjónahelgi. Starfið er fólgið í námskeiðahaldi fyrir hjón sem vilja efla samband sitt. Nú – 27 árum síðar er enn biðlisti og um 3.000 hjón hafa sótt námskeið á vegum hreyfingarinnar. Fjöldi hjóna er í hjónahópum sem hittast reglulega. Starfið hefur þrjú markmið: 1) Að efla tengsl hjónanna innbyrðis, 2) tengsl þeirra við Guð og 3) tengsl við kirkjuna.

En það eru ekki allir í hjónabandi. Við þurfum einnig að huga að þeim sem ekki eiga maka – eða hafa misst maka sinn. Og svo eru það þau sem eru með aðra kynhneigð en fjöldinn. Túlkun á hjónabandinu hefur breyst. Þjóðkirkjan hefur stigið mikilvægt skref og viðurkennt réttindi samkynhneigðra og heimilar hjónavígslu einstaklinga af sama kyni. Kirkjan tekur mannréttindi alvarlega og það er gott að starfa í kirkju sem vinnur markvisst gegn fordómum og lítur allt fólk jafnt og viðurkennir fjölbreytni mannlífsins.

Ég á mér draum um kirkju sem lætur sig varða fullorðinsfræðslu

Pegar ég þjónaði sem sóknarprestur í Grindavík og Höfnum árin 1985-1990, fann ég að væntingar fólks um starf prestsins snerust helst um barna og unglिंगastarf. Auk þess átti presturinn auðvitað að messa og sinna hefðbundnum prestsverkum. Pagar ég sagðist ætla að hefja félagsstarf og fræðslu fyrir fullorðna, urðu sumir hikandi og hissa en svo fór þó að lokum að margir sóttu fræðslukvöld og margskonar starf sem ekki hafði áður verið í boði. Í Neskirkju hef ég stýrt fjölda námskeiða m.a. hinum þekktu Alfa-námskeiðum.

Ég á mér draum um kirkju sem lætur sig varða aldraða

„Ungir menn þreytast og lýjast, æskumenn hnjóta og falla en þeir sem vona á Drottin fá nýjan kraft, þeir fljúga upp á vængjum sem ernir, þeir hlaupa og lýjast ekki, þeir ganga og þreytast ekki.“ Jesaja 40.30-31

Öldruðum mun fjölga á komandi árum. Þetta er mikilvægur hópur, fólk með reynslu og þekkingu. Í Neskirkju hefur um áratugaskeið verið rekið öflugt starf fyrir aldraða. Forverar mínir, Guðmundur Óskar Ólafsson heitinn og Frank M. Halldórsson, komu á fót öflugum starfi fyrir aldraða. Nú er starfrækt „Opíð hús“ fyrir eldri borgara á miðvikudögum. Þar eru veitingar í boði og hvern dag kemur góður gestur og heldur fyrirlestur og öflugur kór eldri borgara og kirkjuleg þjónustu veitt á fjölmörgum heimilum aldraðra. Mikilvægt er að sóknarnefndarfólk rýni í samfélagsþróun og bregðist við þeim tækifærum sem kunna að opnast fyrir kirkju og kristni.

Ég á mér draum um kirkju sem lætur sig varða sjúka, fatlaða og þau öll sem standa höllum fæti

Jesús sagði: „Farið og prédikið: Himnaríki er í nánd. Læknið sjúka, vektið upp dauða, hreinsið líkþráa, rekið út illa anda. Gefins hafið þér fengið, gefins skuluð þér láta í té.“ Matt 10.7-8

Frumhlutverk kirkjunnar er fólgið í þremur þáttum: *helgihaldi, kærleikspjónustu og*

fræðslu. Kærleikspjónustan hefur verið mikilvægur þáttur í starfi kirkjunnar frá fyrstu tíð. Hinn vitri kennimaður og biskup, Sigurbjörn Einarsson, gaf mér, ungum leikmanni í kirkjunni, stöðu og styrk með því að vígja mig sem djákna, enda þótt ég hefði ekki lokið hefðbundnu djáknanámi. Ég hafði stundað nám við skóla í Englandi sem þjáfaði fólk til boðunar og hjálparstarfa. Sigurbirni Einarssyni verð ég ævinlega þakklátur fyrir velvild hans og góðvild í minn garð. Árin í Grensáskirkju voru góð og þar lærði ég margt af sóknarprestinum, Halldóri Gröndal. Fljótlega óx með mér löngun til frekari þjálfunar og þar sem mörgum þótti ég hafa sýnt hæfileika til boðunar orðsins varð það úr að ég hóf nám í guðfræði við HÍ 1980 og lauk því á rúmum fjórum árum. Köllun mín til prestspjónustu óx með hverjum mánuði í guðfræðideildinni og draumur minn um öflugna kirkju fékk á sig skýrari mynd.

Djákna eru mikilvægir á sviði kærleikspjónustu en með þeim þarf að starfa fólk sem er reiðubúið að leggja náunga sínum lið. Víða um heim er starfrækt á vegum safnaða öflugt sjálfboðaliðastarf í kærleikspjónustu. Við þurfum að vekja almenning til vitundar um gleðina sem því fylgir að gefa þjónustu sína í þágu annarra og gera kirkjuna að miðstöð kærleikspjónustu í landinu.

Ég á mér draum um kirkju sem lætur sig varða þjóðfélagsmál

„Andi Drottins er yfir mér af því að hann hefur smurt mig. Hann hefur sent mig til að flytja fátækum gleðilegan boðskap, boða bandingjum lausn og blindum sýn, láta þjáða lausa og kunngjöra náðarár Drottins.“ (Lk 4.18-19)

Pegar Jesús hóf starf sitt fór hann til Nasaret, þar sem hann hafði alist upp, gekk inn í samkunduhúsið og las upp úr spádómsbók Jesaja orðin hér að framan sem Lúkas vitnar til.

Í þessum orðum liggur fyrir stefnuyfirlýsing Jesú. Hann kom til að bæta kjör fólks í víðum skilningi. Hér er köllunin um þjónustu við fjötraða, fatlaða og skulduga. Kristin trú snýst ekki aðeins um helgihald og bænir, sálmasöng og samkomur. Hún er köllun um að bæta heiminn, köllun um að elska náungann og lát sig kjör hans varða. Þess vegna á kirkjan að álykta um efnahagsmál, mannréttindi, heilbrigðismál, jafnrétti kynjanna, félagslegt réttlæti og þjóðfélagsmál í víðum skilningi. Við sinnum öll guðspjónustu hins daglega lífs með störfum okkar innan og utan kirkju. Þannig er Kristur nálægur í mannlífinu og alls staðar á ferð - Guð á þorpögötunni - *Gott im Dorfe* - eins og merkur þýskur guðfræðingur orðaði það.

Ég á mér draum um kirkju sem kemur á sátt milli manna

„Því að það var Guð sem í Kristi sætti heiminn við sig er hann tilreiknaði mönnum ekki afbrot þeirra og fól mér að boða orð sáttargjörðarinnar. Ég er því erindreki Krists sem Guð notar til að hvetja ykkur. Ég bið í orðastað Krists: Látið sættast við Guð. 2 Kor 5.19-20

Nú á tímum er stundum talað um þörfina fyrir „lausnarmiðað“ starf. Það merkir að leitast skuli við að ná sem víðtækastri samstöðu um málefni. Oft finnst samstaða ekki með atkvæðagreiðslum þar sem meirihlutinn hrósar sigri yfir minnihlutunum. Á sviði stjórnunar er til hugtakaparið „þjónandi forysta“ sem vert er að gefa gaum enda rímar það við kenningu Krists sem sagði: „*Sá mesti meðal yðar sé þjónn yðar.*“

Sumarið 2011 tók ég þátt í starfi. Í Stjórnlagaráði sat með mér gott fólk með ólíka menntun og starfsreynslu. En það sem einkenndi störf okkar var eining og ásetningur

um að vinna að lausn og finna leiðir til samstöðu. Þetta tókst með undraverðum hætti og við skiluðum af okkur fullbúnu frumvarpi með 114. greinum í IX. köflum sem nú liggur fyrir Alþingi. Algjör samstaða náðist um niðurstöðuna og frumvarpið var afgreitt samhljóða á lokafundi. Í frumvarpinu eru aðfararorð sem tjá kjarna þess og hlotnaðist mér sá heiður að halda utan um ritun textans en margir komu að verkinu með mér. Frumvarpið er hægt að skoða hér: <http://stjornlagarad.is/>

Í anda þessarar reynslu vil ég sjá kirkjuna vinna. Hún er kölluð til sáttargjörðar og til að vinna þannig að virðing sé jafnan borin fyrir ólíkum sjónarmiðum. Það merkir hins vegar ekki að ágreiningur sé ekki leyfður. Við megum ekki vera samfélag þöggunar og hugleysis. Í umræðu dagsins í Þjóðfélaginu og innan kirkjunnar tel ég alvarlegra að segja fátt eða ekkert en að tjá sig á stundum með sterkum hætti. Skoðanaskipti eru af hinum góða, en mestu skiptir í ljósi ritningarorðanna hér að framan, að sættast við Guð. Köllun okkar er að leiða til þeirrar sáttar.

Ég á mér draum um kirkju sem heldur áfram að þróa starf sitt og bæta gæði þjónustunnar á hverjum stað

„Ég þekki verkin þín, elsku þína og trú, þjónustu þína og þolgæði og veit að hin síðari verk þín eru meiri en hin fyrri.“ Op 2.19

Ég tek undir einkunnarorð Þjóðkirkjunnar, „biðjandi, boðandi og þjónandi kirkja“ og þakka það gott sem gert hefur verið undir forystu núverandi biskups, kirkjupings og kirkjuráðs. Frá árinu 1997 voru mörg stór verkefni færð frá ráðuneyti til kirkju og óhjákvæmilegt að starfssemi Biskupsstofu ykist. Vald kirkjunnar hefur aukist og margir gagnrýna yfirbyggingu kirkjunnar. Sumt í þeirri gagnrýni á rétt á sér, annað ekki. Þjóðkirkjan er stór stofnun og mikilvæg. En kirkjan er ávallt í endurnýjun, siðbreytingunni lýkur aldrei eða eins og sagt er innan guðfræðinnar: *Ecclesia semper reformanda est*. Fara þarf yfir starf Biskupsstofu, meta þarfir og skoða verklag, völd og ábyrgð. Sama þarf að gera hvað varðar prófastsdæmi, prestaköll og sóknir um land allt.

Áður en ég varð sóknarprestur í Grindavík 1985 hafði ég verið aðstoðarprestur í Garðasókn í eitt ár undir leiðsögn Braga Friðrikssonar. Hann var fjölhæfur prestur og prófastur með reynslu af þjónustu bæði í Kanada og hér á landi. Hann hafði auk þess starfað um árabíl að æskulýðsmálum hjá Reykjavíkurborg. Hann hafði einstakt lag á að fá fólk til samstarfs við sig til eflingar kirkju og kristni. Ég lærði margt af samstarfi við minn góða vin sem var mér bæði andlegur faðir og næmur sálusorgari.

Ég átti mér snemma draum um öfluga kirkju, starfsama og hugrakka. Ég vildi efla vitundina um söfnuðinn sem samfélag kærleika og umhyggju sem boðar fagnaðarerindið og virkjar allt sitt fólk til þess verks. Safnaðaruppbygging varð síðar verkefni mitt eftir að hafa setið í nefnd þar um á vegum Þjóðkirkjunnar í tíð vígsluföður míns, Péturs Sigurgeirssonar biskups. Ákveðið var að fá samþykkt fyrir ráðningu starfsmanns á sviði safnaðaruppbyggingar og Pétur vildi gjarnan sjá málið í höfn. En ég var þó ekki ráðinn til verksins fyrr en í biskupstíð Ólafs Skúlasonar og starfaði ég að verkefninu í tíð hans og loks sem fræðslustjóri og hélt því áfram í biskupstíð Karls Sigurbjörnssonar. Á þessum árum fór ég um allt land og hélt fundi og námskeið um nýjar leiðir í safnaðarstarfi. Margt ávannst og það var fróðlegt að kynnast sóknarnefndarfólki, starfsfólki safnaða og prestum við ólíkar aðstæður, en með brennandi áhuga á eflingu kirkjunnar.

Þegar þessum störfum lauk lauk hóf ég störf í Nesprestakalli og þar sem ég hef leitast

við að útfæra þær kenningar sem ég nam í sérnámi mínu og láta verkin tala á vettvangi safnaðarins. Það hefur verið gefandi og skemmtilegt starf með góðu fólki. Ég leyfi mér að fullyrða að safnaðarlíf hafi dafnað og vaxið þau 12 ár sem ég hef þjónað í Neskirkju. Messusókn hefur verið mjög góð og einnig aðsókn að námskeiðum og öðrum atburðum í safnaðarstarfi. Söfnuðurinn og kirkjan í heild mun vaxa og dafna fyrir áhrif anda Guðs og góðra manna, kvenna og karla, sem starfa í einum anda að settu marki.

Ég á mér draum um kirkju sem nýtir allar færar leiðir til að koma fagnaðarerindinu til skila

„Það sem ég segi yður í myrkri skuluð þér tala í birtu og það sem þér heyrið hvíslað í eyra skuluð þér kunngjöra á þökum uppi.“ Matt 10.27

Þjóðkirkjan hefur haslað sér völl á netinu og tekið stór skref á sviði tækni til að koma erindi sínu á framfæri. Allt það góða starf ber að þakka. Siðbótarkirkjan nýtti sér prenttækni sem var ný og á öllum öldum hefur kirkjan tileinkað sér nýjungar í samskiptum. Samskiptasiður á netinu eru nýttar af lærðum og leikum. Sjálfur hef ég birt prédikanir mínar, líkræður og pistla á vefnum um árabíl og eru færslurnar nú orðnar á sjöunda hundrad. Þá hef ég haft frumkvæði að því að birta ekki einungis texta heldur einnig hljóðupptökur. Á síðastliðnum árum áætla ég að ég hafi skrifað um 100 ræður á ári sem allar fara á vefinn. Heimasíða mín er <http://ornbardur.annall.is/> og þar geturðu skoðað ræður mínar og pistla.

Ríkisútvarpið hefur frá stofnun þess gegnt mikilvægri þjónustu við hlustendur með því að útvarpa kirkjulegu efni af ýmsu tagi. Við megum ekki sitja kyrr og treysta því að RÚV annist þetta hlutverk á óbreyttan hátt um ókomin ár. Kirkjan þarf sjálf að framleiða efni fyrir fjölmiðla og jafnvel reka fjölmiðla. Á árum mínum sem fræðslustjóri kirkjunnar hafði ég forgöngu um og lét gera 90 þætti fyrir Sjónvarpið, 30 þætti árlega í 3 ár, sem allir voru sendir út og endursýndir síðar. Margar sóknir halda úti heimasíðu og í sumum þeirra er helgiöld sent út á netinu. Sóknir kirkjunnar þurfa að móta sér stefnu í þessum efnem, skilgreina tækifærin og leita leiða til að ná betur til fólks. Ég nefni einnig spjallrásir eða samskiptasiður á netinu. Þar fer fram mikil umræða og boðmiðlun. Sumir eru spyrjandi og hikandi varðandi slíka miðla en ég segi: Þar sem fólkið er á kirkjan einnig að vera.

Ég á mér draum um frjálsa kirkju

„Til frelsis frelsaði Kristur okkur. Standið því stöðug og látið ekki aftur leggja á ykkur ánauðarok.“ Galatabréfið 5.1

Lög nr. 78 1997 um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar færðu mörg verkefni frá ríki til kirkju og gerðu Kirkjuþing að öflugri stofnun en áður. Kirkjuþing varð æðsta stofnun kirkjunnar sem setur henni reglur og mótast stefnu hennar. Kirkjan er að mestu frjáls og laus frá ríkisvaldinu sem sett hefur henni rammalöggjöf. Hins vegar verður öflug og stór stofnun aldrei algjörlega leyst undan ríkinu því ríkið setur trúfélögum lög og skilgreinir starfsvettvang þeirra, hlutverk og skyldur. Kirkjan getur ekki lifað án tengsla við þjóð og ríki. Þjóðkirkjan er ekki ríkiskirkja enda þótt hún fái fé frá ríkinu til starfsemi sinnar og til að sinna þjónustu við fólkið í landinu. Þeir fjármunir eru að stofni til arður af eignum hennar. Stærstur hluti tekna kirkjunnar eru sóknargjöld sem ríkið innheimtir fyrir hana eins og fyrir önnur trúfélög. Þjóðkirkjan á Íslandi er á margan hátt í sambærilegu sambandi við íslenska ríkið og sænska kirkjan við ríkið í Svíþjóð en með nýjum lögum þar í landi árið 2000 voru gerðar breytingar sem kallast *aðskilnaður ríkis og kirkju*.

Samningur milli ríkis og þjóðkirkjunnar sem gerður var 1997 og hvílir á lögnum um *stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar* var tímamóta samningur en hann fól það í sér í stuttu máli að kirkjan afhenti ríkinu til eignar flestar jarðeignir sínar en fékk í staðinn greiddan kostnað vegna 138 prestsembættu, 3 biskupsembættu og 18 starfsmanna á Biskupsstofu. Í samningnum eru ákvæði um að fjöldi skráðra félaga í þjóðkirkjunni hafi áhrif á fjölda embættu til fjölgunar eða fækkunar. Að auki eru í samningnum milli ríkis og kirkju ákvæði um önnur framlög í Kristnisjóð, Jöfnunarsjóð sókna og Kirkjumálasjóð. Löggin um sóknargjöld nr. 91 1987 voru einnig mikilvæg fyrir kirkjuna og önnur trúfélög. Hins vegar hefur það gerst, sem ég óttaðist á sínum tíma, að ríkið hefur ekki staðið við samninginn á öllum sviðum. Mikið hefur til að mynda vantað upp á að ríkið skilaði allri innheimtunni undanfarin ár. Mikilvægt er að biskup og kirkjuráð standi vörð um hag kirkjunnar og sýni einurð og festu í málflutningi sínu gagnvart ríkinu. Réttlæti og sannleikur verður að ríkja í landinu, sanngirni og heiðarleiki.

Það er kirkjunni mikilvægt að fá að starfa í réttlátu og friðsömu þjóðfélagi. Hún þarf að læra að lifa og starfa við mismunandi aðstæður, bæði pólitískar og félagslegar. Hún þarf að vera frjáls, standa og falla með öflugum starfi og heilli trú. Enda þótt ríkisvaldið skapi henni skilyrði, eins og það gerir gagnvart öðrum félagsheildum, má kirkjan ekki vera of háð ríkinu. Það liggur í eðli kirkjunnar að vera frjáls og spámannleg rödd í samfélaginu. Til þess að hún geti gegnt starfi sínu þarf hún að vera frjáls og óháð, djörf og óhrædd við að boða róttækan boðskap Krists um lífið í hinu stóra samhengi.

Sá vandi sem nú steðjar að kirkjunni verður ekki leystur með lagasetningum á Alþingi eða með greinum í stjórnarskrá. Öflug kirkja verður til fyrir einarða boðun orðins eins og sálmaskáldið Hallgrímur Pétursson brýndi kollega sína til að gera á sinni tíð. Sú brýning er enn í gildi:

Jesús vill, að þín kenning klár
kröftug sé, hrein og opinskár,
lík hvellum lúðurs hljómi.
(Pass 10)

Í Stjórnlagaráði var rætt um ríki og kirkju og þar voru sterkar raddir sem vildu taka allar tilvísanir um kirkju og kristni út úr texta frumvarps að nýrri stjórnarskrá. Niðurstaðan varð sú að hafa ekki grein eins og þá sem er í núverandi stjórnarskrá og tryggir kirkjunni stuðning og vernd. Fulltrúar í Stjórnlagaráði töldu sig hins vegar ekki eiga að kveða upp úr með það hvort hér starfar áfram þjóðkirkja eða ekki. Þeirri spurningu þarf þjóðin sjálf að svara og þar eru núverandi stjórnarskrá og sú sem fyrir liggur í frumvarpi sammála. Þjóðkirkja verður aldrei tryggð með bókstaf laga. Þjóðkirkja verður hér meðan meirihluti þjóðarinnar vill tilheyra henni og jafnvel þótt minni hluti fylgi henni að málum þá getur hún kallaði sig þjóðkirkju svo lengi sem hún þjónar öllum í landinu. Kirkjan er almenn, eins og segir í hinni Postullegu trúarjátningu og fer ekki í manngreinarálit. Dr. Sigurjón Árni Eyjólfsson hefur bent á það í bók sinni *Ríki og kirkja* (2006) að lútherska kirkjan í A-Pýskalandi hafi skilgreindi sig á sínum tíma sem þjóðkirkja þótt minnihluti þjóðarinnar hafi tilheyrt henni og stjórnvöld verið henni mótdræg. Þá get ég þess að í Finnlandi eru tvær þjóðkirkjur, hin evangelísk lútherska með 79,9% þjóðarinnar að baki sér og svo rétttrúnaðarkirkjan með 1,1% (upplýsingar frá 2009). Tvær þjóðkirkjur í sama landi. Við þurfum að efla umræðuna um þjóðkirkjuna og túlkun á henni.

Kirkja Krists er *ein*, hún er *heilög*, hún er *almenn* og hún er *postulleg*. Hvað merkir þetta? Hin sanna, kristna, kirkja er *ein* og nær til allra kirkjudeilda, hún er *heilög* því hún helgast af Guði sem hefur stofnsett hana, hún er *almenn* með því að fara ekki í

manngreinarálit og hún er *postulleg* vegna þess að hún er send til að boða orðið, þjóna að sakramentunum og þjóna lífinu, sannleikanum og réttlætinu.

Kirkjan þarf að lifa í síbreytilegu þjóðfélagi og tryggja stöðu sína. Kirkjunni er gjarnan líkt við skip, sbr. orðið kirkjuskip. Við erum öll áhöfn á sama skipinu og þurfum að ná samstöðu um allt land, þannig að allir leggist á árararnar og rói í sömu átt. Kirkjuna má ekki kljúfa í kirkju landsbyggðar annars vegar og kirkju höfuðborgar hins vegar. Kirkjan er ein og við þurfum að standa saman og leysa þann vanda sem nú steðjar að hinni gömlu og mikilvægu stofnun. Teflum ekki fram sem andstæðum landsbyggð og höfuðborg, leikum og lærðum, ungum og eldri, konum og körlum. Við erum eitt í Kristi eins og postulinn segir: „Hér er hvorki Gyðingur né annarrar þjóðar maður, þræll né frjáls maður, karl né kona. Þið eruð öll eitt í Kristi Jesú.“ (Gal 3.28).

Ég á mér draum um kirkju sem er góður ráðsmaður yfir auðlegð sinni

„Nú kom hann aftur og hafði tekið konungdóm. Þá lét hann kalla fyrir sig þjóna þá er hann hafði selt féð í hendur til þess að vita hvað hver hefði grætt. Hinn fyrsti kom og sagði: Herra, pund þitt hefur ávaxtast um tíu pund. Konungur sagði við hann: Gott, þú góði þjónn, þú varst trúr í mjög litlu og því skaltu ráða fyrir tíu borgum.“ Lúkas 19.15-17

Kirkjan er rík. Hún á byggingar og menningarverðmæti, sögulegan og trúarlegan arf, bækur, tónlist og texta af ýmsu tagi. Hún á fólk, sem starfar innan hennar í sjálfböðastarfi eða sem launafólk. Við erum gæfufólk að vera á lífi og geta lagt okkar krafta og gáfur fram í þjónustu við Guð og náungann.

Meirihluti kirkjunnar er almennt safnaðarfolk sem nýtir sér þjónustu hennar og þjónar henni og náunganum, hvort sem það er í safnaðarstarfi eða daglegum störfum í þjóðfélaginu. Fjöldi fólks situr í sóknarnefndum um land allt og gefur vinnu sína í þágu fagnaðarerindisins. Leikmenn eru í meirihluta kjörmannanna í biskupskosningum og er það vel. Íhuga þarf hvort ganga eigi lengra en nú er gert með nýjum reglum um biskupskjör og leyfa öllu kirkjufólki, sem hefur almennan kosningarrétt, að kjósa biskup Íslands og fulltrúa kirkjuþings. Biskupar, prestar, djáknar og guðfræðikennarar gegna að sjálfsögðu einnig mikilvægu hlutverki í kirkjunni. Þá má ekki gleyma kórfólki, organistum og öðrum sem koma að safnaðarstarfi. Söfnuðurinn, sóknin, er grunneining kirkjunnar. Kirkjan ber hag almennings fyrir brjósti og henni ber að halda vel utan um starfsfólk sitt, launað sem ólaunað. Margt gott hefur verið gert í þessum efnunum á liðnum árum en efla þarf þjálfun og umhyggju á öllum sviðum hins kirkjulega starfs og hvetja fólk til góðra verka.

Ég á mér draum um kirkju sem lítur á sig sem þjón í heiminum

„Sá mesti meðal yðar sé þjónn yðar.“ Matteus 23.11

Kirkjan er til þess kölluð að þjóna. Hún er samfélag trúaðra þar sem allir eru jafnir og sitja við sama borð. Altarisgangan er tákni um þennan jöfnuð á sama tíma og hún tjáir djúpa elsku Guðs. Vígðir þjónar eru ekki öðrum æðri. Embætti kirkjunnar eru hlutverk, en ekki eign eða upphefð þeirra sem þeim gegna. Biskup er fremstur meðal jafningja. Hann er ekki framkvæmdastjóri í fyrirtæki heldur gegnir hann andlegri þjónustu við alla kirkjuna. Hann er prestur prestanna og þar með safnaðanna allra. Biskup má ekki ganga í skrifstofubjörg og fjarlægjast almenning. Biskup gegnir margþættu starfi og þarf að vera vel að sér í mörgu. Hann þarf að verja kenningu kirkjunnar og vera til leiðbeiningar um hana. Hann þarf að kunna skil á rekstri og stjórnun, vera læs á

ársreikninga og rekstur. Hann þarf að vera góður í mannlegum samskiptum – og hann þarf að vera áheyrilegur prédikari, kennimaður, eiga auðvelt með að koma fram í fjölmiðlum, njóta tiltrúar almennings og hrifa þjóðina með sér. Starfið er vissulega krefjandi en í því sambandi er gott að minnast orða postulans: „Náð mín nægir þér því að mátturinn fullkomnast í veikleika.“ (2. Korintubrési 12.9). Enginn gegnir biskupsþjónustu einn og óstuddur.

Ég á mér þann draum um biskupssembættið að það verði sýnilegra

Ég tel að biskup þurfi að prédika oft. Biskup á fara um landið og halda biskupsmessur reglulega. Hann ætti að mínu áliti að messa reglulega í Dómkirkjunni í Reykjavík og halda t.a.m. eina biskupsmessu í hverjum fjórðungi landsins á hverju ári, ná eyrum fólks og gefa því kost á að hitta sig í héraði.

Stundum er sagt að biskup eigi ekki að vera í veraldarvafstri. Lífið verður aldrei annað hvort andlegt eða veraldlegt. Hið veraldlega helgast af Guði og við skulum ekki líta niður á það sem telst til veraldlegra verkefna. Holdtekja Guðs sonar helgar heiminn. Guð varð einn af okkur í Kristi. Köllun okkar er að sýsla með hið veraldlega í ljósi hins andlega. Biskup verður aldrei algjörlega leystur undan hinu veraldlega.

Hins vegar má spyrja spurninga um verklag á Biskupsstofu, verkaskiptingu og ábyrgð. Þá má jafnframt spyrja um hlutverk vígslubiskupa og prófesta og almennt um þjónustu presta og það hvernig tíma þeirra er best varið og í hvaða verkefni á hverjum stað. Við þurfum að brjóta til mergjar stjórnsýslu kirkjunnar og jafna álag starfsmanna hennar. Jafnframt þarf að huga að því að allir hafi tækifæri til að njóta sín og nýti hæfileika sína í hvívetna.

Huga þarf að samstarfi safnaða á ýmsum sviðum og kanna samlegðaráhrif og samþættingu á sviði bókhalds og innkaupa svo dæmi séu nefnd.

Þá þarf og að huga að grundvallarskipan kirkjunnar og spyrja um verklag sem varðar kirkjuþing, kirkjuráð og biskup. Hvar liggur valdið í kirkjunni? Hvernig er því beitt? Hvernig virkar kerfið? Sitja menn í sumum málum beggja vegna borðs? Er kerfið gagnsætt? Er það réttlátt? Er það trútt fagnaðarerindinu?

Ég á mér draum um kirkju sem boðar trúna hreint og klárt og kallar fólk til fylgdar við Krist með öflugum starfi

„Og frá honum er sú gjöf komin að sumir eru postular, sumir spámenn, sumir trúboðar, sumir hirðar og kennarar. Þeir eiga að fullkomna hin heilögu og láta þeim þjónustu í té, líkama Krists til uppbyggingar, þangað til við verðum öll einhuga í trúnni og þekkingunni á syni Guðs, verðum fullproska og náum vaxtartakmarki Krists fyllingar.“

Efesusbréfið 4. 11-13

Kirkjunni er líkt við líkama þar sem allir limir og líffæri starfa saman. Kirkjan er stofnuð og kölluð til að boða trúna. Hún er vettvangur hinna trúuðu og jafnfram skjól þeirra. Hún er móðirin sem nærir og kennir, elskar og verndar. Það eru forréttindi að fá að tilheyra kirkjunni og við þurfum að hjálpast að við það að segja öðrum frá þeim forréttindum og gleðinni sem af því hlýst að vera barn Guðs í samfélagi kirkju hans. Kirkjan er ekki fullkomið samfélag enda kom Jesús ekki til að kalla fullkomið fólk til fylgdar við sig (Mk 6.17). En við megum ekki slaka á kröfunum til okkar sjálfra og annarra. Við erum kölluð til að horfast í augu við mistök kirkjunnar og þjóna hennar, lærðra sem leikra. Við erum

kölluð til að lifa í ljósinu - og við erum kölluð til að vera ljós, sbr. orð Jesú:

„Þér eruð ljós heimsins. Borg, sem á fjalli stendur, fær ekki dulist. Ekki kveikja menn heldur ljós og setja undir mæliker heldur á ljósastriku og þá lýsir það öllum í húsinu. Þannig lýsi ljós yðar meðal manna að þeir sjái góð verk yðar og vegsami föður yðar sem er á himnum.“ (Matt 5.14-16)

Kirkjan hefur ótal tækifæri til boðunar. Oft tekst vel til og tækifærin eru nýtt til hins ítrasta en stundum tekst sáningin ekki sem skyldi, tækifærin renna okkur úr greipum og þau sem heyra finna Orðið ekki hreyfa við sér. Við þurfum að hjálpast að við að finna og greina það sem vel gengur og auka gæði þjónustunnar á öllum sviðum hins kirkjulega starfs. Gleymum því samt aldrei að það er Guð sem gefur vöxtinn. Án hans heilaga anda verður starf okkar lítið annað en vafstur og strit. Með Guði er gott að iðja og biðja.

Ég er mótaður af landsbyggðinni, fæddur þar og uppalinn og bjó á Ísafirði fram á 18. aldursár. Enda þótt ég hafi búið á höfuðborgarsvæðinu í áratugi hef ég ætíð litið á mig sem Vestfirðing og tel mig ekki síður hafa skilning á aðstæðum kirkjunnar á landsbyggðinni en í Reykjavík, enda heimsótti ég söfnuði um land allt og hélt námskeið og fundi með heimafólki árum saman. Ég hef fjölþætta starfsreynslu, hef starfað við endurskoðun og rekið fyrirtæki, verið leikmaður í kirkjunni, djákni, aðstoðarprestur, prestur og sóknarprestur, verkefnisstjóri og fræðslustjóri, hef verið undirmaður og yfirmaður. Í félagsstarfi þar sem ég hef verið þátttakandi hef ég gjarnan verið valinn til forystu. Ég þekki því flest af því sem snýr að hinu innra starfi kirkjunnar og var starfsmaður á Biskupsstofu níu ár. Ég þekki vel til starfa biskups og þeirra sem með honum vinna að mikilvægum verkefnum í þágu kirkju og kristni í landinu.

Kirkjan gengur nú í gegnum erfiða tíma og því þarf að leggja áherslu á að þetta raðirnar, sætta fólk og beina sjónum þess að sameiginlegu markmiði kirkjunnar, sem er að boða þjóðinni trú á Krist, kærleika hans og miskunn. Upprisutruin gefur okkur fyrirheit um að líta á erfiðleikana sem blessun en ekki böll. Prófraun þessi getur hert og eflt kirkjuna ef við beinum huga okkar að því að sjá í erfiðleikunum tækifæri til að bæta þjónustuna, efla samstöðuna, trúna, vonina og kærleikann. Undanfari alls þessa er iðrun og yfirbót. Kirkjan þarf að líta í eigin barn í auðmýkt og í trú á Guð sem elskar og fyrirgefur. Þjóðkirkjan þarf að snúa vörn í sókn, verða „sóknarkirkja“ sem horfir vöndjörf fram á veginn í öruggri vissu um góðan árangur undir leiðsögn Drottins sem sagði:

„Óttast eigi því að ég er með þér, vertu ekki hræddur því að ég er þinn Guð. Ég styrki þig, ég hjálpa þér, ég styð þig með sigrandi hendi minni.“ (Jes 41.10)

Níuviknafostu 2012

Í Guðs friði



Fiskurinn er eitt elsta tákn kristinnar. Orðið fiskur á grísku er IXTHYS en stafirnir standa fyrir Iēsous Christos Theou Yios Sōtēr - Jesús Kristus Sonur Guðs Frelsari